



Páttaka í almennum bólusetningum barna á Íslandi 2017

Uppgjör 2018



**Embætti
landlæknis**
Directorate of Health

Júní 2018


Þátttaka í almennum bólusetningum barna á Íslandi 2017 Uppgjör 2018

Samkvæmt reglugerð nr. 221/2001 skal skrá allar bólusetningar á Íslandi í miðlægan bólusetningargrunn sem er á ábyrgð sóttvarnalæknis. Grunnurinn inniheldur upplýsingar um allar bólusetningar á Íslandi frá árinu 2004/2005 en upplýsingar um bólusetningar fyrir þann tíma eru einungis til á þeim stöðum þar sem bólusetningar fóru fram s.s. á heilsugæslustöðvum. Grunnurinn byggir á rafrænni skráningu bólusetninga á heilsugæslustöðvum, sjúkrastofnunum og skólum á Íslandi. Skráð er nafn, kennitala, fæðingardagur, búseta hins bólusetta skv. Þjóðskrá, dagsetning bólusetningar, hvar bólusetning fór fram og loks sérlyfjaheiti bóluefnis ásamt kóðanúmeri. Tilgangurinn með bólusetningargrunninum er að fylgjast með þátttöku í bólusetningum á Íslandi og meta hættuna á að upp komi faraldrar sjúkdóma sem bólusettt er gegn. Einnig verður hægt að hafa upp á óbólusettum einstaklingum og bjóða þeim bólusetningu. Bólusetningargrunnur sóttvarnalæknis nýtur sérstöðu þar sem að fáar þjóðir hafa yfir að ráða gagnagrunni sem inniheldur upplýsingar um allar bólusetningar heillar þjóðar í rauntíma. Árlegt uppgjör almennra bólusetninga hefur verið birt með svipuðu sniði og hér er gert frá árinu 2012 .


Í þessari skýrslu eru birtar þátttökutölur í almennum bólusetningum barna á árinu 2017 bæði á landsvísu og eftir sóttvarnaumdæmum. Við lestur skýrslunnar er rétt að hafa eftirfarandi í huga:

- Uppgjör á þátttöku í almennum bólusetningum á Íslandi byggir alfarið á upplýsingum um bólusetningar sem skráðar hafa verið rafrænt í sjúkraskrárkerfi heilbrigðisstofnana sem tengdar eru miðlægum bólusetningargrunni sóttvarnalæknis. Þátttökutölur kunna því að vera hærri en fram koma í þessari skýrslu því í einhverjum tilfellum mun hafa láðst að skrá bólusetningar barna í rafræna sjúkraskrárkerfið.
- Þátttaka bólusetninga er reiknuð sem hlutfall bólusettra barna í tilteknum fæðingarárgangi af heildarfjölda barna sama fæðingarárgangs. Einungis börn sem búsett eru á Íslandi skv. Þjóðskrá eru tekin með í útreikninga og eru þau ýmist með íslenskt eða erlent ríkisfang. Í einhverjum tilvikum getur verið að dvalarstaður sé annar en lögheimili, jafnvel erlendis, sem getur lækkað þátttökutölur á því svæði sem lögheimili er skráð. Einnig lækkar það þátttökutölur ef barn hefur flust hingað til lands eftir að bólusetningar voru gerðar annars staðar og þær ekki skráðar í grunninn við komuna til landsins.
- Í uppgjörinu eru mismunandi fæðingarárgangar notaðir sem grundvöllur fyrir þátttökunni, allt eftir um hvaða bólusetningu er að ræða.

Eins og sjá má í skýrslunni þá var þátttaka í bólusetningum hér á landi svipuð og á árinu 2016 en þá var þátttaka barna í 12 mánaða og 18 mánaða bólusetningum til muna lakari en verið hafði á árinu 2015.




Mynd 1. Hlutfall fullbólusettra (12 mán. bólusetning) með DTP + polio og HiB) í hverjum fæðingarárangri 2007–2016. Æskilegt hlutfall bólusettra til að halda þessum sjúkdómum niðri er >90% í öllum árgöngum.



Mynd 2. Hlutfall þeirra sem hafa fengið örvunarskammt DTP (4 ára bólusetning) í hverjum fæðingarárangri 2003–2012. Æskilegt hlutfall bólusettra er >90% í öllum árgöngum.

Ljóst er að þátttaka í bólusetningum við 18 mánaða og 4 ára aldur hér á landi er ekki ásættanleg og ef fram heldur sem horfir, þá geta blossað hér upp bólusetningasjúkdómar sem ekki hafa sést um árabíl. Í því samhengi má minna á að nú geisar langvinnur mislingafaraldur í Evrópu og víða annars staðar hafa mislingar stöðugt haldið fótfestu. Stök tilfelli hafa sést hér í tengslum við ferðalög á undanförunum árum en ef þátttöku hrakar frekar er nokkur hættu á að slík tilfelli gætu smitað út frá sér.



Mynd 3. Hlutfall þeirra sem hafa fengið mislingabólusetningu í hverjum fæðingarárgangi 2003–2015 (árgangar 2003–2005 ættu að hafa fengið tvo skammta en teljast fullbólusettir ef einn skammtur var gefinn eftir 12 ára aldur). Æskilegt hlutfall fullbólusettra í öllum árgöngum er 95% til að hindra útbreiðslu ef mislingar berast til landsins.

Unnið er að því að auðvelda heilsugæslum eftirlit með þátttöku í bólusetningum með viðbótum í sjúkraskrárkerfinu Sögu. Breytingar til að draga úr hættu á að skráning bólusetninga í ung- og smábarnavernd gleymist eru líka væntanlegar og vonast er til að hægt verði að merkja sjúkraskrár barna sem eru ekki bólusett að fullu til að nota meggi tækifærin þegar þau koma á heilsugæsluna í öðrum erindum til að gefa bólusetningar sem vantar eða gefa tíma í bólusetningu hið fyrsta. Við breytingar á greiðslutilhögun stjórnvalda til heilsugæslustöðva hefur einnig verið tekin upp tenging greiðslna við bólusetningarþátttöku lykilaldurshópa sem sennilega mun hvetja til bættrar skráningar bólusetninga bæði í rauntíma og aftur í tímann.

Á árinu 2017 var fyrirkomulag almennra bólusetninga á Íslandi eftirfarandi:



Embætti
landlæknis
Sóttvarnalæknir

Almennar bólusetningar barna á Íslandi frá september 2015

Aldur:	Bólusetning gegn:
3 mánaða	Kikhósta, barnaveiki, stífkrampa, Haemofilus influenzae sjúkdómi af gerð b (Hib) og mænusótt í einni sprautu (Pentavac). Pneumókokkum í annarri sprautu (Synflorix).
5 mánaða	Kikhósta, barnaveiki, stífkrampa, Haemofilus influenzae sjúkdómi af gerð b (Hib) og mænusótt í einni sprautu (Pentavac). Pneumókokkum í annarri sprautu (Synflorix).
6 mánaða	Meningókokkum C (NeisVac-C).
8 mánaða	Meningókokkum C (NeisVac-C).
12 mánaða	Kikhósta, barnaveiki, stífkrampa, Haemofilus influenzae sjúkdómi af gerð b (Hib) og mænusótt í einni sprautu (Pentavac). Pneumókokkum í annarri sprautu (Synflorix).
18 mánaða	Mislingum, hettusótt og rauðum hundum í einni sprautu (M-M-RVAXPRO).
4 ára	Barnaveiki, stífkrampa og kikhósta í einni sprautu (Boostrix).
12 ára	Mislingum, hettusótt og rauðum hundum í einni sprautu (M-M-RVAXPRO). Leghálskrabbameini (HPV) eingöngu fyrir stúlkur. Tvær sprautur gefnar með a.m.k. 6 mánaða millibili (Cervarix).
14 ára	Barnaveiki, stífkrampa og kikhósta ásamt mænusótt í einni sprautu (Boostrix Polio).

Frekari upplýsingar um bólusetningar barna má finna á vef Embættis landlæknis (www.landlaeknir.is) og á heilsugæslustöðvum.

I. Þátttaka eftir bóluæfnum

1. Grunnbólusetning: Barnaveiki, stífkrampi, kikhósti, lömunarveiki og Haemofilus influenzae b (DTP, Polio, Hib) í einni sprautu - Fæðingarágangur 2016

	% þátttaka 3 mán.	% þátttaka 5 mán.	% þátttaka 12 mán.
Landið allt	97	96	91
Höfuðborgarsvæðið	97	96	91
Vesturland	98	98	92
Vestfirðir	96	94	87
Norðurland	97	95	90
Austurland	96	95	84
Suðurland	98	97	94
Suðurnes	96	95	89

2. Endurbólusetning við 4 ára aldur: Barnaveiki, stífkrampi og kikhósti (DTP) í einni sprautu - Fæðingarágangur 2012

	% þátttaka
Landið allt	89
Höfuðborgarsvæðið	91
Vesturland	93
Vestfirðir	93
Norðurland	89
Austurland	90
Suðurland	85
Suðurnes	80

3. Endurbólusetning við 14 ára aldur: Barnaveiki, stífkrampi, kikhósti og mænusótt (DTP og Polio) í einni sprautu - Fæðingarágangur 2002

	% þátttaka
Landið allt	96
Höfuðborgarsvæðið	96
Vesturland	100
Vestfirðir	92
Norðurland	97
Austurland	99
Suðurland	95
Suðurnes	100

4. Pneumókokkar - Fæðingarágangur 2016

	% þátttaka 3 mán.	% þátttaka 5 mán.	% þátttaka 12 mán.
Landið allt	97	96	91
Höfuðborgarsvæðið	97	96	92
Vesturland	98	97	93
Vestfirðir	94	92	87
Norðurland	96	95	90
Austurland	95	94	82
Suðurland	98	97	93
Suðurnes	96	95	87

5. Meningókokkar C - Fæðingarágangur 2016

	% þátttaka 6 mán.	% þátttaka 8 mán.
Landið allt	96	92
Höfuðborgarsvæðið	96	93
Vesturland	97	94
Vestfirðir	93	91
Norðurland	95	92
Austurland	96	89
Suðurland	97	93
Suðurnes	94	91

6. Mislingar, hettusótt, rauðir hundar (MMR) í einni sprautu Fæðingarágangur 2015 og 2005

	% þátttaka 18 mán.	% þátttaka 12 ára
Landið allt	91	94
Höfuðborgarsvæðið	91	94
Vesturland	92	97
Vestfirðir	83	93
Norðurland	91	96
Austurland	90	92
Suðurland	92	93
Suðurnes	89	95

7. Human Papilloma Virus (HPV) - Fæðingarárgangur 2005

	% þátttaka 12 ára-1	% þátttaka 12 ára-2
Landið allt	94	88
Höfuðborgarsvæðið	93	87
Vesturland	99	93
Vestfirðir	96	94
Norðurland	95	92
Austurland	94	77
Suðurland	88	84
Suðurnes	96	91

II. Þátttaka eftir landssvæðum (%)

Landið allt

Bóluefni	Árgangur	Þátttaka										
		% 3 mán.	% 5 mán.	% 6 mán.	% 8 mán.	% 12 mán.	% 18 mán.	% 4 ára	% 12 ára	% 12 ára-1	% 12 ára-2	% 14 ára
DTP, Polio, Hib	2016	97	96			91						
DTP	2012							89				
DTP, Polio	2002											96
Pneumókokkar	2016	97	96			91						
Meningókokkar	2016			96	92							
MMR	2015						91					
MMR	2005								94			
HPV	2005									94	88	

Höfuðborgarsvæði

Bóluefni	Árgangur	Þátttaka										
		% 3 mán.	% 5 mán.	% 6 mán.	% 8 mán.	% 12 mán.	% 18 mán.	% 4 ára	% 12 ára	% 12 ára-1	% 12 ára-2	% 14 ára
DTP, Polio, Hib	2016	97	96			91						
DTP	2012							91				
DTP, Polio	2002											96
Pneumókokkar	2016	97	96			92						
Meningókokkar	2016			96	93							
MMR	2015						91					
MMR	2005								94			
HPV	2005									93	87	

Vesturland

Bóluefni	Árgangur	Þátttaka										
		% 3 mán.	% 5 mán.	% 6 mán.	% 8 mán.	% 12 mán.	% 18 mán.	% 4 ára	% 12 ára	% 12 ára-1	% 12 ára-2	% 14 ára
DTP, Polio, Hib	2016	98	98			92						
DTP	2012							93				
DTP, Polio	2002											100
Pneumókokkar	2016	98	97			93						
Meningókokkar	2016			97	94							
MMR	2015						92					
MMR	2005								97			
HPV	2005									99	93	

Vestfirðir

Bóluefni	Árgangur	Þátttaka										
		% 3 mán.	% 5 mán.	% 6 mán.	% 8 mán.	% 12 mán.	% 18 mán.	% 4 ára	% 12 ára	% 12 ára-1	% 12 ára-2	% 14 ára
DTP, Polio, Hib	2016	96	94			87						
DTP	2012							93				
DTP, Polio	2002											92
Pneumókokkar	2016	94	92			87						
Meningókokkar	2016			93	91							
MMR	2015						83					
MMR	2005								93			
HPV	2005									96	94	

Norðurland

Bóluefni	Árgangur	Þátttaka										
		% 3 mán.	% 5 mán.	% 6 mán.	% 8 mán.	% 12 mán.	% 18 mán.	% 4 ára	% 12 ára	% 12 ára-1	% 12 ára-2	% 14 ára
DTP, Polio, Hib	2016	97	95			90						
DTP	2012							89				
DTP, Polio	2002											97
Pneumókokkar	2016	96	96			90						
Meningókokkar	2016			95	92							
MMR	2015						91					
MMR	2005								96			
HPV	2005									95	92	

Austurland

Bóluefni	Árgangur	Þátttaka										
		% 3 mán.	% 5 mán.	% 6 mán.	% 8 mán.	% 12 mán.	% 18 mán.	% 4 ára	% 12 ára	% 12 ára-1	% 12 ára-2	% 14 ára
DTP, Polio, Hib	2016	96	95			84						
DTP	2012							90				
DTP, Polio	2002											99
Pneumókokkar	2016	95	94			82						
Meningókokkar	2016			96	89							
MMR	2015						90					
MMR	2005								92			
HPV	2005									94	77	

Suðurland

Bóluefni	Árgangur	Þátttaka										
		% 3 mán.	% 5 mán.	% 6 mán.	% 8 mán.	% 12 mán.	% 18 mán.	% 4 ára	% 12 ára	% 12 ára-1	% 12 ára-2	% 14 ára
DTP, Polio, Hib	2016	98	97			94						
DTP	2012							85				
DTP, Polio	2002											95
Pneumókokkar	2016	98	97			93						
Meningókokkar	2016			97	93							
MMR	2015						92					
MMR	2005								93			
HPV	2005									88	84	

Suðurnes

Bóluefni	Árgangur	Þátttaka										
		% 3 mán.	% 5 mán.	% 6 mán.	% 8 mán.	% 12 mán.	% 18 mán.	% 4 ára	% 12 ára	% 12 ára-1	% 12 ára-2	% 14 ára
DTP, Polio, Hib	2016	96	95			89						
DTP	2012							80				
DTP, Polio	2002											100
Pneumókokkar	2016	96	95			87						
Meningókokkar	2016			94	91							
MMR	2015						89					
MMR	2005								95			
HPV	2005									96	91	